



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 12/2008 um afturköllun tíðniheimildar Íslandsmiðils og afskráningu fyrirtækisins

I.

Boðun ákvörðunar

Íslandsmiðill ehf. er skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi í samræmi við 4. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og hefur fengið úthlutað tíðniheimild á 10 GHz tíðnisviðinu til að veita margmiðlunarþjónustu, dags. 29. ágúst 2006.

Vegna langvarandi og ítrekaðra vanskila Íslandsmiðils á gjöldum, sem fyrirtækinu er skylt að greiða samkvæmt lögum, var fyrirtækinu tilkynnt bréflega, dags. 22. maí 2008, að Póst- og fjarskiptastofnun hygðist afturkalla fyrrnefnda tíðniheimild og fella niður skráningu þess. Var umrætt bréf sent í ábyrgðarpósti til [A], framkvæmdastjóra og stjórnarmanns fyrirtækisins.

II.

Málavextir og málsástæður

1.

Í fyrrnefndu bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 22. maí 2008, var Íslandsmiðli gerð grein fyrir gjaldskyldu sinni, upphæð útstandandi skulda og til hvaða þvingunarúrræða stofnunin hygðist grípa til ef ekki yrðu gerð full skil á áföllnum gjöldum, sbr. eftirfarandi:

„Samkvæmt 14. gr. a. í lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun ber Íslandsmiðli ehf. að greiða árlegt gjald til stofnunarinnar fyrir umrædda tíðniheimild, sbr. 1. mgr. 7. töluliðar ákvæðisins. Fyrir árið 2007 nam höfuðstóll þessa gjalds kr. 892.800.

Eins ber Íslandsmiðli ehf., sem skráðu fjarskiptafyrirtæki, að greiða árlegt rekstrargjald samkvæmt 4. mgr. 13. gr. fyrrnefndra laga. Fyrir árið 2007 nam höfuðstóll þessa gjalds kr. 15.000.

Hefur Íslandsmiðill ehf. ekki staðið í skilum með framangreind gjöld. Innheimta á vegum Intrum hefur engan árangur borið og hafa kröfur stofnunarinnar á hendur fyrirtækinu nú verið dómteknar. Upphæð þessara krafna nemur nú kr. 1.334.887 að meðtöldum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði.

Þá hefur Íslandsmiðill ehf. heldur ekki greitt árleg gjöld vegna ársins 2008 og eru þær kröfur nú þegar komnar í innheimtu.

Af framangreindum sökum hyggst Póst- og fjarskiptastofnun afturkalla tíðniheimild fyrirtækisins og fella niður skráningu fyrirtækisins samkvæmt 4. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Samhliða því verða gjöld fyrir árið 2008 felld niður. Gjöld vegna ársins 2007 verða hins vegar ekki felld niður og skorar stofnunin á Íslandsmiðil ehf. að greiða stofnuninni án tafa fyrrnefnda kröfu að upphæð kr. 1.334.887.

Að öllu framangreindu virtu og í samræmi við 73. gr. fjarskiptalaga er Íslandsmiðli ehf. hér með gefinn frestur til 25. júní n.k. til þess að standa að fullu í skilum [með] áfallin árgjöld fyrir bæði árið 2007 og 2008, ella hefur stofnunin í hyggju að afturkalla tíðniheimild fyrirtækisins og fella niður skráningu þess á grundvelli 5. mgr. 74. fjarskiptalaga, sbr. og 12. gr. tíðniheimildarinnar. Er Íslandsmiðli ehf. jafnframt gefið tækifæri innan sama tímafrests að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.“

2.

Við dagsetningu ákvörðunar þessarar hafa engar greiðslur borist stofnuninni vegna umræddrar kröfu að upphæð kr. 1.334.887, auk þess sem að engar athugasemdir hafa verið gerðar við þá fyrirætlun Póst- og fjarskiptastofnunar að afturkalla tíðniheimild Íslandsmiðils af þeim sökum og fella niður skráningu fyrirtækisins.

III.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun skulu fjarskiptafyrirtæki greiða til stofnunarinnar sérstakt rekstrargjald svo að hún geti sinnt almennu og lögbundnu eftirliti sínu með því að farið sé að fjarskiptalögum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem sett eru með stoð í þeim, auk einstakra ákvarðana sem Póst- og fjarskiptastofnun tekur á grundvelli þeirra. Er ákvæðið svo hljóðandi:

„Fjarskiptafyrirtæki skulu árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemur 0,30% af bókfærðri veltu og sömuleiðis skulu póstrekendur greiða 0,25% af árlegri veltu til stofnunarinnar. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af fjarskipta- og póstarfsemi sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins. Tekjur skal telja til bókfærðrar veltu á því ári sem þær verða til.“

Fyrir árið 2007 bar Íslandsmiðli að greiða gjald samkvæmt þessu ákvæði sem ákvarðað var kr. 15.000 (höfuðstóll án vaxta og innheimtukostnaðar). Gjaldið var sundurliðað í þrjár jafnháar greiðslur með gjalddögnum 1. júní, 1. september og 1. desember 2007. Umrætt gjald hefur ekki verið greitt til stofnunarinnar.

Skipulagning tíðninotkunar og almennt eftirlit með sendibúnaði af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar er nauðsynlegt til þess að hægt sé að starfrækja þráðlaus fjarskipti. Þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar miðar að því að tryggja öryggi þráðlausra fjarskipta og koma í veg fyrir truflanir. Þetta er þjónusta við þá sem nota ljósvakann til fjarskipta og því eðlilegt að þeir beri kostnað af þeirri umsýslu sem starfsemin kallar á. Því er kveðið á um lögbundið gjald (skatt) fyrir notkun á tíðnum í 14. gr. a. í lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en samkvæmt 1. mgr. 7. töluliðar eru árgjöld fyrir þráðlaus aðgangsnét sem hér segir:

- „a. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 1 33.800 kr.
b. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 2 22.500 kr.
c. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 3 2.300 kr”.

Fyrir árið 2007 bar Íslandsmiðli að greið gjöld samkvæmt þessu ákvæði að upphæð kr. 892.800 (höfuðstóll án vaxta og innheimtukostnaðar). Gjaldldagi greiðslunnar var þann 1. mars 2007. Umrætt gjald hefur ekki verið greitt til stofnunarinnar.

Samtals nemur ógreidd skuld Íslandsmiðils, að viðbættum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði, nú kr. 1.334.887. Langvarandi og ítrekuð vanskil Íslandsmiðils á þessum gjöldum felur í sér brot gegn 4. mgr. 14. gr. og 7. töluliðar 14. gr. a. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Í 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er fjallað um viðurlög brjóti fjarskiptafyrirtæki lög, en í 5. mgr. ákvæðisins segir:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum.“

Með tilliti til langvarandi og ítrekaðra vanskila Íslandsmiðils verður ekki hjá því komist, með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, að afturkalla tíðniheimild fyrirtækisins á 10 GHz tíðnisviðinu til að veita margmiðlunarþjónustu, dags. 29. ágúst 2006, og fella niður skráningu þess.

Í ljósi þess að tíðniheimild Íslandsmiðils er afturkölluð og skráning fyrirtækisins er felld niður vegna vangoldinna gjalda fyrir árið 2007, þykir stofnuninni eðlilegt að láta gjöld vegna ársins 2008 niður falla.

Ákvörðunarráð

Með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er tíðniheimild Íslandsmiðils á 10 GHz tíðnisviðinu til að veita margmiðlunarþjónustu, dags. 29. ágúst 2006, afturkölluð og skráning fyrirtækisins felld niður.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 4. júlí 2008

F.h. forstjóra, Björn Geirsson